



## Fundargerð

### 54. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., miðvikudaginn 20. apríl 2022, kl. 08:30.

#### Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Jóhann Gíslason og Valtýr Valtýsson.

**Fundargerð ritaði:** Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

#### 1. Árlegur stöðufundur með fulltrúum Landsvirkjunar - 2204015

Undir þessum dagskráarlið mætti Georg Pálsson fyrir hönd Landsvirkjunar og fór yfir samfélagsstefnu Landsvirkjunar. Einnig fór hann yfir stöðuna í vatnsbúskap og helstu verkefni ársins. Georg mætti til fundar í fjarfundakerfi Zoom.

*Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar Georg fyrir þátttöku á fundi hreppsnefndar og einnig fyrir veittar upplýsingar.*

#### 2. Fundargerð 236. fundar skipulagsnefndar UTU - 2204007

Lögð fram fundargerð 236. fundar skipulagsnefndar UTU.

*Mál nr. 22; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-161 - 2203002F.*

*Lög fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-161.*

#### 3. Fundargerð 237. fundar skipulagsnefndar UTU - 2204031

Fundargerð 237. fundar skipulagsnefndar UTU lögð fram ásamt 22-162. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa.

*Mál nr. 1; Gásagustur í Holtamannaafrétti; Fjallasel; Deiliskipulag - 2203063.*

*Lögð er fram tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu vegna fjallasels að Gásagusti í Holtamannaafrétti.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við framlagða tilkynningu um matsskyldu vegna fjallaselsins Gásagustur á Holtamannaafrétti. Að mati hreppsnefndarinnar eru framkvæmdir innan svæðisins á grundvelli viðkomandi gagna ekki líklegar til að hafa umfangsmikil umhverfisáhrif og telur að framlögð gögn geri á fullnægjandi hátt grein fyrir hugsanlegum framkvæmdum og umhverfisáhrifum þeirra. Framkvæmdir innan svæðisins eru eftir atvikum háðar útgáfu byggingar- og/eða framkvæmdaleyfis af hálfu sveitarfélagsins.*

*Mál nr. 2; Áskot L165263; Deiliskipulag - 2204011.*

*Lögð er fram umsókn frá Grétu Vilborgu Guðmundsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðar Áskots í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda sem taka m.a. til vélaskemmu, reiðhallar og hesthúss, viðbyggingar við núverandi skemmu og reitar fyrir gistihús og tækjaskúr.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfærð gögn.*

Mal nr. 34; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-162 - 2204001F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-162.

**4. Fundur vegna samnings um endurreisn gróðurlendis vegna Sporðöldulóns - 2204026**

Lögð fram fundargerð vegna endurskoðunar samnings um endurreisn gróðurlendis vegna Sporðöldulóns sem haldinn var 28. mars 2022.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra, Ástu Beggu og Agli að vinna að lokagerð að samningi sem væntanlega verði tilbúinn fyrir næsta fund hreppsnefndar í maí þar sem stefnt verði að samþykki hans.

**5. Fundargerð 49. fundar Odda bs. - 2204020**

Lögð fram fundargerð 49. fundar stjórnar Odda bs.

Undir öðrum dagskrárlið er ársreikningur Odda bs. fyrir árið 2021 samþykktur og áritaður. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir ársreikning Odda bs. 2021 fyrir sitt leyti.

Í fjórða dagskrárlið er óskað eftir viðauka við fjárhagsáætlun Odda bs. fyrir árið 2022, aukinn stuðningur í leikskóla.

Stjórn Odda bs hefur óskað eftir viðauka við fjárhagsáætlun Odda bs fyrir árið 2022 vegna tímabundins stöðugildis stuðningsfulltrúa. Lagt er til að sveitarstjórn samþykki fyrir sitt leyti viðauka við fjárhagsáætlun Odda bs að fjárhæð kr. 5.270 þús vegna aukins launakostnaðar stuðningsfulltrúa hjá Heklukoti. Viðaukanum verði mætt með auknum framlögum aðildarsveitarfélaga sem skiptist þannig að framlag Rangárþings ytra eykst um kr. 4.824 þús og framlag Ásahrepps um kr. 446 þús m.v. núverandi skiptihlutfall. Því er jafnframt lagt til að hreppsnefnd samþykki viðauka 1 við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins Ásahrepps fyrir árið 2022 að upphæð kr 446 þús sem færast á fræðslumál (04). Viðaukanum verði mætt með lækkun á handbæru fé.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

**6. 16. fundur stjórnar Húsakynna bs. - 2204003**

Lögð fram fundargerð 16. fundar stjórnar Húsakynna bs.

Í 1. dagskrárlið er ársreikningur Húsakynna bs. fyrir rékstrarárið 2021 lagður fram til staðfestingar hjá stjórn. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir ársreikning Húsakynna bs. 2021 fyrir sitt leyti.

Í dagskrárlið 4.1. er til umræðu framtíð skólastjórahússins á Laugalandi. Stjórn beinir því til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna að meta hvort fara eigi í viðræður við ríkið um yfirfærslu eignarhluta ríkisins til sveitarfélaganna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að farið verði í þær viðræður, fyrir sitt leyti og er sveitarstjóra falið að sinna því fyrir hönd hreppsnefndar Ásahrepps.

Í dagskrárlið 4.2. er rætt um hesthúsið á Þóristungum, en fyrir liggur kostnaðaráætlun vegna viðgerða að upphæð kr. 2,5 milljónir. Stjórn óskar eftir að sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna taki afstöðu til þess hvort gera eigi viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2022 til að mæta þessum kostnaði eða hvort beina eigi verkefninu til fjárhagsáætlunar 2023.

Oddviti lagði fram tillagu um að verkefnið verði sett inn á fjárhagsáætlun 2022 og gerður viðauki við fjárhagsáætlun ársins.

Tillaga fulltrúa E-lista er að málinu verði frestað og vísað til nýrrar hreppsnefndar Ásahrepps og nýrrar stjórnar Húsakynna bs. Tillagan er felld með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, BJJ og GJG) en tveir með (EG og ES).

*Þá var fyrri tillaga oddvita tekin til afgreiðslu. Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, BJJ og GJG) en tveir (2) á móti (EG og ES).*

*Að öðru leyti er fundargerðin til kynningar.*

- 7. Fundargerð 17. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps - 2204021**  
Lögð fram fundargerð 17. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps.  
*Eini dagskrárliður fundarins var ársreikningur veitunnar 2021 og samþykkti stjórn hann með breytingu frá 16. fundi.  
Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir ársreikninginn fyrir sitt leyti.*
- 8. Fundargerðir kjörstjórnar 8. apríl 2022 - 2204033**  
Lagðar fram tvær fundargerðir kjörstjórnar, en báðir fundirnir voru haldnir þann 8. apríl 2022.  
*Til kynningar.*
- 9. Fundargerð 15. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps - 2204018**  
Lögð fram fundargerð 15. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps.  
*Til kynningar.*
- 10. Fundargerð 16. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps - 2204019**  
Lögð fram fundargerð 16. fundar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps.  
*Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir við breytingu á forgangsröðun framkvæmda á árunum 2023 og 2024  
Að öðru leyti er fundargerðin til kynningar.*
- 11. Fundargerð vegna skála á Holtamannafrétti, deiliskipulög og lóðablöð - 2204006**  
Lögð fram fundargerð vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps ásamt fulltrúum Eflu, þar sem farið var yfir þau skálasvæði sem þyrfti að vinna deiliskipulag fyrir og lóðarblöð.  
*Til kynningar.*
- 12. Fundargerð 99. fundar félagsmálanefndar - 2204025**  
Lögð fram fundargerð 99. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.  
*Til kynningar.*
- 13. Fundargerð 310. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2204016**  
Lögð fram fundargerð 310. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands ásamt skýrslu um magntölur úrgangs árið 2021.  
*Til kynningar.*
- 14. Fundargerð 217. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2204030**  
Lögð fram fundargerð 217. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt ársreikningi 2021 og nýrri samþykkt um vatnsvernd á Suðurlandi.  
*Til kynningar.*

**15. Fundargerð 5. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands - 2204009**

Lögð fram fundargerð 5. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

*Til kynningar.*

**16. Fundargerð 6. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands - 2204010**

Lögð fram fundargerð 6. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

*Til kynningar.*

**17. Minnispunktar frá fundi aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs. - 2204013**

Lagðir fram minnispunktar frá fundi með aðildarsveitarfélögum Bergrisans bs. sem haldinn var 21. mars 2022.

*Til kynningar.*

**18. Fundargerð 579. fundar stjórnar SASS - 2204005**

Lögð fram fundargerð 579. fundar stjórnar SASS.

*Til kynningar.*

**19. Fundargerð 580. fundar stjórnar SASS - 2204023**

Lögð fram fundargerð 580. fundar stjórnar SASS.

*Til kynningar.*

**20. Fundargerð 50. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2204027**

Lögð fram fundargerð 50. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

*Til kynningar.*

**21. Fundargerð 908. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2204011**

Lögð fram fundargerð 908. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Til kynningar.*

**22. Ársreikningur Ásahrepps 2021 - 2203042**

Lagður fram til síðari umræðu ársreikningur Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2021 ásamt sundurliðunum. Helstu kennitölur samstæðureiknings eru eftirfarandi í þús. kr.:

**REKSTRARREIKNINGUR**

Rekstrartekjur: 332.076

Rekstrargjöld: -310.375

Afskriftir: -21.701

Fjármagnsgjöld: -1.428

Rekstrarniðurstaða jákvæð: 3.169

**EFNAHAGSREIKNINGUR**

Fastafjármunir: 391.986

Veltufjármunir: 164.491

Eignir samtals: 556.477

Eigið fé: 505.214  
Langtímaskuldir: 7.563  
Skammtímaskuldir: 43.700  
Eigið fé og skuldir samtals: 556.477

Handbært fé í árslok: 135.798

Veltufjárhlutfall: 3,76  
Eiginfjárhlutfall: 90,8%  
Skuldahlutfall: 15,4%  
Jafnvægisréгла - rekstrarjöfnuður: 119.804

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirleggjandi ársreikning og staðfestir hann með áritun sinni.*

**23. Ósk um styrk til að koma á fót æskulýðsstarfi í skotgreinum í Rangárvallasýslu - 2203003**

Vísað er til dagskrárliðar nr. 29 á 52. fundi hreppsnefndar Ásahrepps, en þá var afgreiðsla frestað og leitað eftir afstöðu annarra sveitarfélaga í Rangárvallasýslu. Lagðar fram bókanir sveitarstjórna Rangárþings ytra og eystra.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja félagið að upphæð kr. 100.000.*

**24. Tillaga að samþykkt um hreinsistöðvar og rotþrær í Ásahreppi - 2203002**

Lögð fram til annarrar umræðu tillaga að samþykkt um hreinsistöðvar og rotþrær í Ásahreppi.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að senda framlagða tillögu að samþykkt til umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytis til staðfestingar og birtingar.*

**25. Slit á óvirkum byggðasamlögum - 2204001**

Lagt fram bréf Rangárþings ytra, dags. 10. mars 2022, þar sem óskað er eftir að tvö óvirk byggðasamlög verði lögð niður. Um er að ræða byggðasamlögin Green Globe 21 í Rangárvallasýslu, kt. 520506-0200, og Atvinnu/ferðamálav Rang/V-Skaft, kt. 581203-3220. Gerð er tillaga að sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna skipi þeim skiptastjórnir sem í sitji sveitarstjórar aðildarsveitarfélaganna.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að umræddum byggðasamlögum verði slitið og að Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Ásahrepps verði skipaður í slitastjórnir þessara byggðasamlaga fyrir hönd Ásahrepps.*

**26. Fundarskjár í fundarherbergi skrifstofu - 2204004**

Lagt fram tilboð TACTICA í 55 tommu fundarskjá fyrir fundaraðstöðu Ásahrepps að Laugalandi. Heildarkostnaður við kaup á skjánum og með uppsetningu í fundaraðstöðu er um kr. 250.000.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að kaupa umræddan fundarskjá og felur sveitarstjóra að semja við TACTICA um kaup á tækinu og uppsetningu þess.*

**27. Framtíð félagsheimilisins Ásgarðs - 2110025**

Lagt fram tölvuskeyti Jóns Páls Hilmarssonar, lögmanns, þar sem hann fer yfir stöðu mála eftir fund sinn með landeigendum að Ási. Einnig lögð fram drög að grunnleigusamningi fyrir lóðina sem félagsheimilið Ásgarður stendur á.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða þetta upplegg Jóns Páls lögmanns og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram með honum að lausn málsins og að markmiðið sé að*

Ásgarður verði á endanum eign sveitarfélagsins.

**28. Samningur vegna reksturs ljósleiðarakerfi Ásaljóss - 2204008**

Lögð fram drög að þjónustusamningi um rekstur ljósleiðarakerfi Ásaljóss við Snerru ehf. Einnig lögð fram rekstrarhandbók fyrir rekstur á ljósleiðarakerfi ásamt yfirliti yfir skilgreind hlutverk í rekstri kerfisins og hlutverkaskiptingu aðila í rekstri Ásaljóss.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning við Snerru ehf og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir sitt leyti.*

**29. Tilboð í ábendingagátt sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu - 2204012**

Lagt fram tilboð frá Um að gera ehf í ábendingagátt fyrir öll sveitarfélögin í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Um er að ræða ábendingagátt sem væri sett upp á heimasíður hvers sveitarfélags fyrir sig. Hagræði yrði í því að sveitarfélögin gera sameiginlegan samning.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu.*

**30. Tilboð í fartölvur fyrir sveitarstjórnarfulltrúa næsta kjörtímabil - 2204022**

Lagt fram tilboð TRS í Dell Latitude 5420 fartölvur. Fyrirsjáanlegt er að skortur verður á fartölvum í vor og til þess að tryggja það að nýkjörin sveitarstórn hafi aðgang að góðum vinnutölvum.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að láta taka frá 6 tölvur og tryggja með þeim hætti að tölvubúnaður verði til staðar fyrir hreppsnefnd sem kosin verður þann 14. maí n.k. Tilboð í 6 vélar er kr. 1.439.952. Því er jafnframt lagt til að hreppsnefnd samþykkti viðauka 1 við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins Ásahrepps fyrir árið 2022 að upphæð kr 1.440 þús sem færir á sameiginlegan kostnað (21). Viðaukanum verði mætt með lækkun á handbæru fé. Samþykkt samhljóða.*

**31. Endurupptaka deiliskipulags lands úr Áskoti sem ekki hlaut staðfestingu 2006 - 2204028**

Lagt fram tölvuskeyti Jakobs Þórarinssonar, dags. 12. apríl 2022. Í tölvuskeytinu kemur fram að deiliskipulag sem unnið var árið 2006 hafi ekki öðlast staðfestingu með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins og sveitarstjóra falið að skoða lagalegan grundvöll fyrir ákvarðanatöku í samstarfi við Jón Pál lögmann.*

**32. Lagning ljósleiðarastreng að Ferjukoti við Hald - 2204029**

Lögð fram tölvusamskipti vegna tilboða í lagningu ljósleiðara að Ferjukoti við Hald. Áætlaður kostnaður er um 1 mkr. Ef af verður þá verður Ásaljós framkvæmdaaðili og mun innheimta línugjald af þessari tengingu.

*Lagt til að hreppsnefnd samþykki að húsið Ferjukot við Hald verði tengt ljósleiðara. Kostnaður við framkvæmdir eru áætlaðar kr. 1 milljón og Vatnajökuls þjóðgarður og Umhverfisstofnun eru tilbúin að greiða hluta kostnaðar við verkefnið. Hreppsnefnd samþykki að Ásaljós veiti framlagi í verkefnið upphæð kr 500 þús sem færir á Ásaljós (67). Tillagan samþykkt með þremur (3) atkvæðum (ÁBÓ, BJJ og GJG) en tveir (2) á móti (EG og ES).*

**33. Kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 14. maí 2022 - 2204032**

Lögð fram kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga sem verða haldnar 14. maí 2022.

*Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir framlagða kjörskrá og felur sveitarstjóra að árita hana. Kjörskrár liggja frammi á skrifstofu Ásahrepps frá og með 23. apríl 2022. Til að öðlast*

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature at the top right and several smaller ones below it, some with the letters 'EG' written next to them.

*kosningarétt í Ásahreppi þurfti viðkomandi að hafa haft lögheimili í sveitarfélaginu fyrir 6. apríl 2022.*

*Oddvita eða sveitarstjóra er veitt umboð hreppsnefndar Ásahrepps að gera leiðréttingar á kjörskrárstofni eftir því sem tilefni er til og í samræmi við kosningalög.*

**34. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011**

Lagt fram málaflökkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps frá janúar til marsloka 2022.

*Til kynningar.*

**35. Bréf UTU; auglýsing deiliskipulags Röðuls (L198895) - 2204002**

Lagt fram bréf UTU, dags. 23. mars 2022, þar sem tilkynnt er um auglýsingu deiliskipulags Röðuls (L198895) í B-deild Stjórnartíðinda.

*Til kynningar.*

**36. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga; átak um Hringrásarhagkerfið - 2204014**

Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. mars 2022 þar sem kynnt er bókun stjórnar sambandsins um átak um Hringrásarhagkerfið.

*Til kynningar.*

**37. Ársskýrsla HSK og fréttir af héraðsþingi - 2204017**

Lögð fram ársskýrsla HSK 2021 ásamt fréttum af héraðsþingi HSK.

*Til kynningar.*

**38. Aðalfundarboð Háskólafélags Suðurlands 2022 - 2204024**

Lagt fram tölvuskeyti Háskólafélags Suðurlands, dags. 7. apríl 2022 þar sem boðaður er aðalfundur félagsins þann 25. apríl 2022.

*Til kynningar.*


**39. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018**


Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn miðvikudaginn 18. maí 2022. Fundarstaður er skrifstofa Ásahrepps að Laugalandi og hefst fundur klukkan 8:30.


*Til kynningar.*

Fundi slitið kl. 12:00.


  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

  
Brynja Jóna Jónasdóttir

  
Egill Sigurðsson

  
Elín Grétarsdóttir

  
Guðmundur Jóhann Gíslason

  
Valtýr Valtýsson

